

## Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um kjördæmaskipan.

1. *Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingu á þeirri skipan sem skiptir höfuðborg landsins upp í tvö kjördæmi?*

Ráðherra hefur að svo stöddu ekki í hyggju að beita sér fyrir breytingu á þeirri skipan sem nú er í gildi, enda hefur aðeins einu sinni verið kosið á grundvelli hinnar nýju kjördæmaskipunar.

2. *Hver var reynslan af umræddri skiptingu í alþingiskosningunum 2003?*

Reynslan var sú sem ætlað var þegar skiptingin var ákveðin. Mat ráðherra er að skipting í tvö kjördæmi hafi í raun litla þýðingu fyrir Reykvíkinga og þingmenn þeirra vinna saman að hagsmunamálum borgarinnar óháð henni. Meginatriðið fyrir Reykvíkinga við síðustu kjördæmabreytingu var að þingmönnum höfuðborgarinnar fjölgaði.